

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1912.

Konungsbrjef um setning Alþingis, undirskrifað af konungi 14. júní 1912 (A nr. 5, bls. 10—11).

Lög um að landsjóður kaupir einkasímann til Vestmannaeyja og símakerfið þar, undirskrifuð af konungi 2. september 1912 (A nr. 6, bls. 12—13).

Lög um merking á kjöti, undirskrifuð af konungi 13. september 1912 (A nr. 7, bls. 14—17).

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundi. 101

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá Karli Nikúlássyni verslunarmanni 12. ágúst. hjer í bænum, um að honum verði leyft að flytja hjer í land hund frá Færeyjum.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur í land og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga,
2. að hundinum sje haldið í sóttkví, svo að hann komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis í 7 daga, og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum verslunarmanni hefir verið tilkynnt þetta hjeðan.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um lántökuleyfi handa Arnarbælisprestakalli í Ölfusi. 102

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dags. 13. júní þ. á., hefir stjórnarráðið veitt sóknarprestinum að Arnarbæli í Ölfusi heimild til þess að taka 1200 kr. embættislán upp á prestakallið til þess að koma upp í stað hins gamla fjóss, er staðnum fylgir, nýju fjósi úr steinsteypu, 20 álna löngu og 12 ál. 16 þml. breiðu, og að öðru leyti hagað samkvæmt hingað sendum uppdrætti, gegn því að hið nýja fjós verði eign staðarins og prestur taki að sjer viðhald þess og svari því við burtför sína frá brauðinu í gildu standi eða með fullu álagi.

Lánið mun verða greitt úr kirkjujarðasjóði þá er fjósið er komið upp og sannað er með skoðunargjörð, að það sje bygt samkvæmt uppdrætti og vel gjört. Ávaxtast það með 4½% á ári og endurborgast á næstu 20 árum með 60 kr. afborgun á ári.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.